

Ed.

356. Frumvarp til laga

[186. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestssetursjarðirnar Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu og Æsustaði í Austur-Húnavatnssýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auglýsa til sölu og selja prestssetursjarðirnar Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu og Æsustaði í Austur-Húnavatnssýslu fyrir hæfilegt verð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frumvarpsins.

Ákveðið hefur verið, að fengnum tillögum hlutaðeigandi aðila lögum samkvæmt, að flytja prestssetur í Vatnsendaprestakalli í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi og Æsustaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi á hentugri staði í prestköllunum. Er fyrirhugað, að andvirði hinna seldu prestssetra gangi, svo sem 7. gr. laga um skipun prestakalla, nr. 31 1952, gerir ráð fyrir, til byggingar hinna nýju prestssetra.